



456. fundur Þingvallanefndar
12. apríl 2019
Skrifstofu Þingvallanefndar
Austurstræti 12 kl 11.30

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir og Guðmundur Andri Thorsson. Auk þeirra sat fundinn Lilja Jónasdóttir, lögmaður þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Ari Trausti Guðmundsson ritaði fundargerðina.

Dagskrá:

1. Nefndarmenn og lögfræðingur ræddu drög að yfirlýsingu vegna úrskurðar Kæruneftndar jafnréttismála varðandi ráðningu þjóðgarðsvarðar við Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Ákveðið var að vinna frekar með drögin. Gert er ráð fyrir að nefndin sendi yfirlýsinguna frá sér í vikunni 15. - 19. apríl. Guðmundur Andri Thorsson taldi að koma þyrfti fram í yfirlýsingunni að ekki hafi verið einhugur í nefndinni þegar kom að ákvörðun um ráðningu í stöðuna. Rætt var um stöðu nefndarinnar og frekari viðbrögð, ásamt því að úrskurðurinn er í skoðun hjá Ríkislögmanni og ráðuneyti umhverfismála.
2. Önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.